

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. nóvember 2012
Tilvísun: UST20121100057/bs

Stækkun efnistökusvæðis á Kollsstaðamóum í landi Kollsstaða-Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða stækkun núverandi námusvæðis um 21 þús. fermetra. Áætlað er að taka á þessu svæði 80-100 þús. rúmmetra alls. Ráðgert er að vinna námuna í áföngum úr 5 reinum. Að frágangi loknum er ætlunin að svæðið liti út líkt og hvammur í móanum sem opnast til norðurs.

Fram kemur í greinargerð að gróður á fyrirhuguðu námusvæði er stórbýfður lyngmói með fjalldrapa og stöku birkibrúska. Þrjár algengar fuglategundir sáust á námusvæðinu. Hvorki eru dregnar víðtækar eða aðrar ályktanir af atferli þessara fugla.

Umrædd stækkun námunnar er framhald efnistöku sem staðið hefur lengi yfir á Kollsstaðamóum. Efnistakan er ekki í jarðmyndun sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Af lýsingu að dæma er gróðurfar algengur mólendisgróður. Fáar fuglategundir sáust á svæðinu og allar algengar.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson